

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Íran, nr. 384/2014.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

- 5.3 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/2894 frá 18. nóvember 2024 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og við vopnaða hópa og rekstrareiningar í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu, sbr. fylgiskjal 5.3.
- 6.2 Reglugerð ráðsins (ESB) 2024/2897 frá 18. nóvember 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/1529 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og við vopnaða hópa og rekstrareiningar í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu, sbr. fylgiskjal 6.2.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frýstingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 29. janúar 2025.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
utanríkisráðherra.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 5.3.**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2024/2894**

frá 18. nóvember 2024

um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og við vopnaða hópa og rekstrareiningar í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 20. júlí 2023 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532⁽¹⁾.
- 2) Hinn 14. október 2024 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2024/2698⁽²⁾ sem breytir ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532 og tíundar tiltekna íranska flugrekendur.
- 3) Í ályktunum sínum frá 21. og 22. mars 2024 lýsti leiðtogaráðið því yfir að ef Íran flytur skotflaugar og tengda tækni til Rússlands til notkunar gegn Úkraínu, eftir að hafa afhent rússnesku stjórninni ómönnuð loftför, sem eru notuð í linnulausum árásum gegn borgurum í Úkraínu, muni Sambandið vera tilbúið til að bregðast hratt við í samráði við alþjóðlega samstarfsaðila, þ.m.t. með nýjum og umtalsverðum þvingunaraðgerðum gegn Íran. Enn fremur lýsti leiðtogaráðið því yfir að takmarka yrði aðgang Rússlands að viðkvæmum hlutum og tækni, sem hægt er að nota á vígvellinum, eins og frekast er unnt, þ.m.t. með því að beina sjónum að rekstrareiningum í þriðju löndum sem gera sniðgöngu refsiaðgerða mögulega. Leiðtogaráðið hvatti æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum (æðsta fulltrúann) og framkvæmdastjórnina til að undirbúa frekari refsiaðgerðir gagnvart Belarús (Hvíta-Rússlandi), Norður-Kóreu og Íran.
- 4) Hinn 13. september 2024 fordæmdi Sambandið harðlega, með yfirlýsingu æðsta fulltrúans fyrir hönd Sambandsins, nýlegan tilflutning skotflauga, sem eru framleiddar í Íran, til Rússlands sem litið væri á sem beina ógnun við öryggi Evrópu og verulega efnislega stigmögnun frá afhendingu íranskra ómannaðra loftfara og skotfæra sem Rússland hefur notað í ólöglegu árásarstríði sínu gegn Úkraínu. Sambandið myndi bregðast hratt við í samráði við alþjóðlega samstarfsaðila, þ.m.t. með nýjum og verulegum þvingunaraðgerðum gegn Íran og með því að tilgreina einstaklinga og rekstrareiningar sem taka þátt í skotflauga- og drónaáætlunum Írans, og var að því er þetta varðar einnig að íhuga þvingunaraðgerðir gegn íranska fluggeiranum.
- 5) Rússland notar ómönnuð loftför, sem framleidd eru í Íran, í árásarstríði sínu gegn Úkraínu sem brýtur gegn fullveldi, sjálfstæði og landamærahelgi Úkraínu, þ.m.t. gegn almennum borgurum og borgaralegum innviðum. Áætlun, sem íranska ríkið styður varðandi þróun og framleiðslu ómannaðra loftfara, stuðlar því að brotum á sáttmála Sameinuðu þjóðanna og meginreglum þjóðaréttar.
- 6) Birgðastjórnunardeild ráðuneytis varnarmála og heraflla í Íran og Íslamska byltingarvarðliðið, sem bæði seta þvingunaraðgerðum Sambandsins, annast framkvæmd flugskeytaáætlunar Írans sem byggir á ríkisfyrirtækjum og einkafyrirtækjum og nýtur ávinnings af innlendri rannsóknargetu.
- 7) Tilflutningur ómannaðra loftfara og flugskeyta, sem eru framleidd í Íran, og tengdrar tækni og íhluta þeirra til Rússlands og til vopnaðra sveita, sem starfa ekki á vegum ríkja, í og utan Austurlanda nær er mikið áhyggjuefni. Íran hefur flutt ómönnuð loftför og flugskeyti, sem eru framleidd í Íran, og tengda tækni og íhluti þeirra til Rússlands, m.a. með því að nota skip og hafnir.
- 8) Í ljósi þess hversu alvarlegt ástandið er og til að bregðast við hernaðarstuðningi Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu, einkum afhendingu Írans á ómönnuðum loftförum og flugskeytum til Rússlands, sem grefur undan friði og öryggi og er bein ógnun við öryggi í Evrópu, þykir rétt að innleiða frekari þvingunaraðgerðir. Þessar aðgerðir verða endurskoðaðar reglulega og unnt er að fella þær tímabundið úr gildi eða afturkalla eða bæta við þær með öðrum þvingunaraðgerðum, í ljósi þróunar á vettvangi.
- 9) Með tilliti til þessa ætti að bæta einum aðila og fjórum rekstrareiningum við á skrána yfir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem falla undir þvingunaraðgerðirnar sem settar eru fram í I. viðauka við ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532.
- 10) Rétt þykir að breyta viðmiðunum fyrir skrána og kveða á um tilteknar, markvissar undanþágur frá frýstingu eigna.

- 11) Enn fremur þykir rétt að banna útflutning, tilflutning, afhendingu eða sölu frá Sambandinu til Írans á íhlutum sem notaðir eru við þróun og framleiðslu á flugskeytum.
- 12) Einnig þykir rétt að banna útflutning, tilflutning, afhendingu eða sölu frá Sambandinu til Írans á frekari íhlutum sem notaðir eru við þróun og framleiðslu á ómönnuðum loftförum.
- 13) Rétt þykir að banna þátttöku í beinum eða óbeinum viðskiptum við hafnir og skipastiga, þ.m.t. aðgang að aðstöðu þeirra eða veitingu hvers konar þjónustu, sem eru í eigu, starfræktir af eða undir stjórn einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga og stofnana sem skráð eru í þessari ákvörðun eða eru notuð til tilflutnings á írönskum ómönnuðum loftförum eða flugskeytum eða tengdri tækni eða íhlutum þeirra til Rússlands til stuðnings árársarstríði þess gegn Úkraínu. Enn fremur þykir rétt að skýra gildissvið banns við aðgangi að höfnum fyrir skip og bæta við undanþágu.
- 14) Með tilliti til framangreinds ætti að setja tvær hafnir á skrána yfir hafnir og skipastiga sem sett er fram í II. viðauka við ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532.
- 15) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.
- 16) Því ætti að breyta ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532 til samræmis við það.

SAMBÝKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. mgr. 1. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum og tækni sem kunna að stuðla að getu Írans til að framleiða ómönnuð loftför eða flugskeyti, hvort sem þær eru upprunnar í Sambandinu eða ekki, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Íran eða til notkunar í Íran.

Lagt er bann við umflutningi um yfirráðasvæði Íran á vörum og tækni, eins og um getur í fyrstu undirgrein, sem er flutt út frá Sambandinu.“

- 2) Eftirfarandi grein er bætt við:

„1. gr. a

1. Lagt er bann við því að taka þátt í viðskiptum, með beinum eða óbeinum hætti, við hafnir og skipastiga sem eru:

- a) í eigu, starfræktir af eða undir stjórn einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í I. viðauka,
- b) í eigu, starfræktir af eða undir stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem rekstrareining, sem er á skrá í I. viðauka, á 50% eða stærri eignarhlut í með beinum eða óbeinum hætti,
- c) í eigu, starfræktir af eða undir stjórn einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirætlum rekstrareiningar sem getur í a- eða b-lið þessarar málsgreinar eða
- d) notuð fyrir tilflutning íranskra ómannaðra loftfara eða flugskeyta eða tengdrar tækni eða íhluta þeirra til Rússlands til stuðnings árársarstríði þess gegn Úkraínu,

sbr. skrá í II. viðauka.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef um er að ræða skip sem þarfnast aðstoðar í leit að skipaafdrepi, neyðarviðkomu í höfn vegna siglingaöryggis eða björgun mannlífa á sjó, eða í mannúðarskyni, eða til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum.“

- 3) Í stað 1. mgr. 2. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að inn á yfirráðasvæði þeirra komi eða um þau fari einstaklingar:

- a) sem bera ábyrgð á, styðja eða taka þátt í áætlun Írans um ómönnuð loftför eða flugskeytaáætlun Írans,
- b) sem láta í té, selja eða koma á annan hátt að tilflutningi á írönskum ómönnuðum loftförum eða flugskeytum eða tengdri tækni eða íhlutum þeirra:
 - i. til Rússlands til stuðnings árársarstríði þess gegn Úkraínu,
 - ii. til vopnaðra hópa og rekstrareininga sem grafa undan friði og öryggi í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu,

- iii. til einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem brjóta í bága við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2216 (2015) eða
- c) sem tengjast einstaklingum sem um getur í a- eða b-lið, sbr. skrá í I. viðauka.“
- 4) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:
- „1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra eða eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn einstaklinga, lögaðila, rekstraraðila eða stofnana:
- a) sem bera ábyrgð á, styðja eða taka þátt í áætlun Írans um ómönnuð loftför eða flugskeytaáætlun Írans,
- b) sem láta í té, selja eða koma á annan hátt að tilflutningi á írönskum ómönnuðum loftförum eða flugskeytum eða tengdri tækni eða íhlutum þeirra:
- i. til Rússlands til stuðnings árásarstríði þess gegn Úkraínu,
- ii. til vopnaðra hópa og rekstrareininga sem grafa undan friði og öryggi í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu,
- iii. til einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem brjóta í bága við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2216 (2015) eða
- c) sem tengjast einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem um getur í a- eða b-lið, sbr. skrána í I. viðauka.“
- b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:
- „9a. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um fjármuni eða efnahagslegan auð sem er nauðsynlegur til:
- a) notkunar í mannúðarskyni, brottflutnings eða heimsendingar einstaklinga eða í þágu framtaksverkefna til stuðnings fórnarlömbum náttúruhamfara eða hamfara af völdum kjarnorku- eða efnaiðnaðar,
- b) reksturs flugs sem nauðsynlegt er vegna funda sem hafa það að markmiði að finna lausn á hernáðarstuðningi Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og við vopnaða hópa og rekstrareiningar í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu, eða að styðja við stefnumarkmið þvingunaraðgerðanna,
- c) nauðlendingar, flugtaks eða yfirflugs eða
- d) opinberra ferða sendiráðsmanna eða starfsmanna ræðisskrifstofa aðildarríkjanna í Íran eða alþjóðastofnana sem njóta friðhelgi að þjóðarétti.
- 9b. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir skulu tilkynna lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu þar sem þau eru búsett, staðsett, með staðfestu eða stofnuð um það þegar þau gera fjármuni eða efnahagslegan auð aðgengilegan skv. 9. mgr. a innan tveggja vikna frá því að hann hefur verið gerður aðgengilegur. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um allar upplýsingar sem það veitir viðtöku samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá viðtöku þeirra.
- 9c. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur rekstrareiningum sem skráðar eru undir færslunúmer 10, 11 og 12 í I. viðauka við þessa ákvörðun, samkvæmt þeim skilyrðum sem viðkomandi lögbær stjórnvöld ákveða að eigi við og eftir að hafa gengið úr skugga um að slíkir fjármunir eða efnahagslegur auður sé nauðsynlegur vegna flugafgreiðslu, eins og er skilgreint í 23. lið 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139⁽³⁾.
- 9d. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríki heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja eiga við, eftir að hafa gengið úr skugga um að þessir fjármunir eða efnahagslegur auður sé nauðsynlegur til að takast á við þýðingarmikil og skýrt afmörkuð málefni á sviði flugöryggis og eftir fyrirframsamráð við Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins.
- c) Í stað 10. mgr. kemur eftirfarandi:
- „10. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 8. mgr., 9. mgr., 9. mgr. c og 9. mgr. d innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“
- 5) Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.
- 6) Ákvæðum II. viðauka er bætt við í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 18. nóvember 2024.

*Fyrir hönd ráðsins,
forseti.*

J. BORRELL FONTELLES

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/1532 frá 20. júlí 2023 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og við vopnaða hópa og rekstrareiningar í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu (Stjtið. ESB L 186, 25.7.2023, bls. 20).

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/2698 frá 14. október 2024 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og við vopnaða hópa og rekstrareiningar í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu (Stjtið. ESB L, 2024/2698, 14.10.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/2698/oj>).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningssflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 (Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1).“

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/2894/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.

Fylgiskjal 6.2.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2024/2897****frá 18. nóvember 2024****um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/1529 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og við vopnaða hópa og rekstrareiningar í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/2894 frá 18. nóvember 2024 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og við vopnaða hópa og rekstrareiningar í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 20. júlí 2023 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532⁽²⁾ og reglugerð (ESB) 2023/1529⁽³⁾ um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og við vopnaða hópa og rekstrareiningar í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu.
- 2) Hinn 18. nóvember 2024 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2024/2894 sem breytti ákvörðun (SSUÖ) 2023/1532. Í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og einkum vegna afhendingar Írans á ómönnum loftförum og flugskeytum til Rússlands innleiðir ákvörðun (ESB) 2024/2894 frekari þvingunaraðgerðir.
- 3) Með aðgerðunum er innleitt bann gegn útflutningi, sölu, tilfærslu eða afhendingu frá Sambandinu til Írans á frekari íhlutum sem notaðir eru við þróun og framleiðslu á ómönnum loftförum og íhlutum sem notaðir eru við þróun og framleiðslu á flugskeytum.
- 4) Enn fremur er með aðgerðunum innleitt bann á öll viðskipti við hafnir og skipastiga sem eru í eigu, starfræktir af eða undir stjórn skráðra einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga og stofnana eða eru notuð til tilflutnings á írönskum, ómönnum loftförum eða flugskeytum eða tengdri tækni eða íhlutum þeirra til Rússlands til stuðnings árásarstríði þess gegn Úkraínu. Það tekur til aðgengis að aðstöðu skráðra hafna og skipastiga og hvers konar veitingar þjónustu fyrir skip. Undanþága í þágu siglingaöryggis er innifalín.
- 5) Einnig þykir að breyta viðmiðunum fyrir skrána og kveða á um markvissar undanþágur.
- 6) Aðgerðirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggj sé að þeim verði beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 7) Reglugerð þessi ætti að öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* til að komast hjá því að stofna skilvirkni aðgerðanna sem þar eru settar fram í hættu.
- 8) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2023/1529 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) 2023/1529 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. mgr. 2. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum og tækni sem kunna að stuðla að getu Írans til að framleiða ómönnum loftför eða flugskeyti, sem eru á skrá í II. viðauka, hvort sem þær eru upprunnar í Sambandinu eða ekki, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Íran eða til notkunar í Íran.

Lagt er bann við umflutningi um yfirráðasvæði Íran á vörum og tækni, eins og um getur í fyrstu undirgrein, sem er flutt út frá Sambandinu.“

- 2) Eftirfarandi grein er bætt við:

„2. gr. a

1. Lagt er bann við því að taka þátt í viðskiptum, með beinum eða óbeinum hætti, við hafnir og skiptastiga sem eru á skrá í IV. viðauka.
2. Í IV. viðauka skal tilgreina hafnir og skipastiga sem eru:
 - a) í eigu, starfræktir af eða undir stjórn einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem er á skrá í III. viðauka,
 - b) í eigu, starfræktir af eða undir stjórn lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem rekstrareining, sem er á skrá í III. viðauka, á 50% eða stærri eignarhlut í með beinum eða óbeinum hætti,
 - c) í eigu, starfræktir af eða undir stjórn einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirætlum rekstrareiningar sem getur í a- eða b-lið þessarar málsgreinar eða
 - d) notuð fyrir tilflutning íranskra ómannaðra loftfara eða flugskeyta eða tengdrar tækni eða íhluta þeirra til Rússlands til stuðnings árársstríði þess gegn Úkraínu.
3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef um er að ræða skip sem þarfnast aðstoðar í leit að skipaafdrepi, neyðarviðkomu í höfn vegna siglingaöryggis eða björgun mannlífa á sjó, eða í mannúðarskyni, eða til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum.“
- 3) Í stað 1. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra, eða eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn einstaklinga, lögaðila, rekstraraðila eða stofnana:

 - a) sem bera ábyrgð á, styðja eða taka þátt í áætlun Írans um ómönnuð loftför eða flugskeytaáætlun Írans,
 - b) sem láta í té, selja eða koma á annan hátt að tilflutningi á írönskum, ómönnuðum loftförum eða flugskeytum eða tengdri tækni eða íhlutum þeirra:
 - i. til Rússlands til stuðnings árársstríði þess gegn Úkraínu,
 - ii. til vopnaðra hópa og rekstrareininga sem grafa undan friði og öryggi í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu,
 - iii. til einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana sem brjóta í bága við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2216 (2015) eða
 - c) sem tengjast einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem um getur í a- eða b-lið., sbr. skrána í III. viðauka.“
- 4) Eftirfarandi grein er bætt við:

„3. gr. ca

1. Þrátt fyrir 3. gr. þessarar reglugerðar geta lögbær stjórnvöld heimilað að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur rekstrareiningum sem skráðar eru undir færslunúmer 10, 11 og 12 í III. viðauka við þessa reglugerð, samkvæmt þeim skilyrðum sem lögbæru stjórnvöldin ákveða að eigi við og eftir að hafa gengið úr skugga um að slíkir fjármunir eða efnahagslegur auður sé nauðsynlegur vegna flugafgreiðslu, eins og skilgreint er í 23. lið 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139⁽⁴⁾.
2. Þrátt fyrir 3. gr. geta lögbær stjórnvöld heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja eiga við, eftir að hafa gengið úr skugga um að þessir fjármunir eða efnahagslegur auður sé nauðsynlegur til að takast á við þýðingarmikil og skýrt afmörkuð málefni á sviði flugöryggis og eftir fyrirframsamráð við Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins.
3. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverjar heimildir sem veittar eru samkvæmt þessari grein innan tveggja vikna frá því að slíkar heimildir eru veittar.
- 5) Eftirfarandi grein er bætt við:

„3. gr. f

1. Ákvæði 3. gr. gilda ekki um fjármuni eða efnahagslegan auð sem er nauðsynlegur til:
 - a) notkunar í mannúðarskyni, brottflutnings eða heimsendingar einstaklinga eða í þágu framtaksverkefna til stuðnings fórnarlömbum náttúruhamfara eða hamfara af völdum kjarnorku- eða efnaiðnaðar,

- b) reksturs flugs sem nauðsynlegt er vegna funda sem hafa það að markmiði að finna lausn á hernaðarstuðningi Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og vopnaða hópa og rekstrareiningar í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu, eða að styðja við stefnumarkmið þvingunaraðgerðanna,
- c) nauðlendingar, flugtaks eða yfirflugs eða
- d) opinberra ferða sendiráðsmanna eða starfsmanna ræðisskrifstofa aðildarríkjanna í Íran eða alþjóðastofnana sem njóta friðhelgi að þjóðarétti.

2. Einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar og stofnanir skulu tilkynna lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu þar sem þau eru búsett, staðsett, með staðfestu eða stofnuð um það þegar þau gera fjármuni eða efnahagslegan auð aðgengilegan skv. 1. mgr., innan tveggja vikna frá hann hefur verið gerður aðgengilegur. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um allar upplýsingar sem það veitir viðtöku samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá viðtöku þeirra.“

- 6) Ákvæði 4. gr. falla brott.
- 7) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
- 8) Ákvæðum IV. viðauka er bætt við í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. nóvember 2024.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

J. BORRELL FONTELLES

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2894, 18.11.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/2894/oj>.

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÓ) 2023/1532 frá 20. júlí 2023 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og við vopnaða hópa og rekstrareiningar í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu (Stjtið. ESB L 186, 25.7.2023, bls. 20, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2023/1532/oj>).

⁽³⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) 2023/1529 frá 20. júlí 2023 um þvingunaraðgerðir í ljósi hernaðarstuðnings Írans við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og við vopnaða hópa og rekstrareiningar í Austurlöndum nær og á Rauðahafssvæðinu (Stjtið. ESB L 186, 25.7.2023, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1529/oj>).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningisflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EBE) nr. 552/2004 og (EB) nr. 2016/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 (Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1).“

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/2897/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.